



Alþingi
Erindi nr. P 139/1468
komudagur 23.2.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. febrúar 2011

1101021SA GB
Málalýkill: 317

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, 382. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál. Eins og fram kemur í skýringum við frumvarpið skilaði fulltrúi sambandsins séráherslum við gerð tillagna starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði til að gera tillögur um útfærslu á gjaldtöku af ferðamönnum. Áherslurnar eru svohljóðandi:

„Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir þá meginniðurstöðu nefndarinnar að tekið verði upp gistináttagjald af ferðamönnum til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu og viðhald á ferðamannastöðum. Af hálfu sambandsins er hins vegar gerður sá fyrirvari við hugmynd um að fara blandaða leið gistináttagjalds og farþegagjalds, að hún verði útfærð á þann hátt að farþegar í innanlandsflugi verði ekki fyrir auknum kostnaði af þeim sökum.

Af hálfu sambandsins er einnig bent á að ríki og sveitarfélög hafa varið umtalsverðu fjármagni á undanförunum árum til uppbyggingar og rekturs menningartengdrar ferðþjónustu. Í fæstum tilvikum fær þessi starfsemi þrífist án opinbers fjárstuðnings en hún gegnir hins vegar mikilvægu hlutverki í því að bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir ferðamenn. Almenn gjaldtaka af ferðamönnum virðist vera vænleg leið til þess að skjóta styrkari stöðum undir þennan mikilvæga þátt í ferðþjónustu hér á landi. Sambandið telur nauðsynlegt að við ráðstöfun þess fjár sem aflað verður á þann hátt sem nefndin leggur til verði menningartengd ferðþjónusta ekki undanskilin, þótt megináhersla verði lögð á að bæta aðstöðu við fjölsóttustu náttúruperlur landsins.“

Hvað varðar gjaldtöku á innanlandsflug vísar sambandið til umsagnar um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald, en í umsögninni er lagt til að innanlandsflugið verði undanþegið álagningu farþegagjalds.

Tekið skal fram að sambandið er í meginatriðum sammála þeirri forgangsröðun sem fram kemur í frumvarpinu en þar er lögð áhersla á að fjármagni úr framkvæmdasjóðnum skuli varið til uppbyggingar og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila og á náttúruverndarsvæðum og að stuðla að öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum almennt.



Sambandið telur hins vegar ástæðu til að áréttu að ekki verður annað séð en að heimildir til þess að ráðstafa tekjum Framkvæmdasjóðs ferðamanna séu of þröngt skilgreindar í 1. gr. frumvarpsins og þarf m.a. að tryggja að hlutverk sjóðsins verði ekki einskorðað um of við útvistarsvæði heldur geti hann einnig stuðlað að uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.

Að áliti sambandsins er einkum ástæða til þess að skoða að sjóðurinn komi að ýmiss konar uppbyggingu á ferðamannastöðum sem brýn þörf er á að færa til betra horfs. Þar má nefna aðgengi fyrir fatlað fólk, hreinlætisaðstöðu og jafnvel fráveitumál. Í því sambandi verður að horfa til þess markmiðs sem lýst er í skýringum við frumvarpið, að dreifa ferðamönnum betur um landið. Einnig er ástæða til þess að benda á að Framkvæmdasjóður fatlaðra var lagður niður um sl. áramót og er því engum opinberum aðila til að dreifa sem hefur eyrnamerkt fjármagn til þess að bæta aðgengismál á ferðamannastöðum.

Sambandið vill einnig koma á framfæri þeirri athugasemd við 2. gr. frumvarpsins að ekki er tekið fram hver greiðir kostnað vegna fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðs Ferðaþjónustunnar, en skv. frumvarpinu er gert ráð fyrir að Samband Íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn stjórnarmann. Af gefnu tilefni gerir sambandið kröfu um að það komi skýrt fram í lögnum að þóknun til stjórnarmanna og ferðakostnaður, ef um hann verður að ræða, greiðist af sjóðnum sjálfum.

Jafnframt kann að vera ástæða til þess að endurskoða tilhögun á skipan stjórnar sjóðsins og telur sambandið nauðsynlegt að Umhverfisstofnun eigi fulltrúa í stjórninni.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri